

UM SKIPUN, BOÐ OG BÖNN

Susanne Rudholm

Boðháttur:

Það fyrsta sem upp kemur í huga flestra þegar er talað um skipun einhvers konar er boðháttur; enda er hann alltaf kenndur sérstaklega í málkennslu.

Boðháttur er aðeins til í nútíð og er hann myndaður með sagnstofni + fornafninu *þú* (*ú* > *u*). Tannhljóðsviðskeytið er þó breytilegt eftir stofni. Þegar stofn endar á sérhljóði eða einu samhljóði eru fastar reglur fyrir myndun boðháttar (sjá Ástu Svavarsdóttur og Margréti Jónsdóttur 1993:70-71):

- ð* sagnstofn endar á sérhljóði, t.d. *ná* > *náðu*
sérhljóði + *r, f, g*, t.d. *gera* > *gerðu*, *segja* > *segðu*, *gefa* > *gefðu*
- d* sagnstofn endar á sérhljóði + *l, m, n*, t.d. *velja* > *veldu*, *lemja* > *lemdu*
sérhljóði + *d* < *ð*, t.d. *kveðja* > *kveddu*
- t* sagnstofn endar á sérhljóð + *s, p, t, k*, t.d. *lesa* > *lestu*, *reykja* > *reyktu*,
sleppa > *slepptu*

Þegar stofn endar á fleiri en einu samhljóði eru engar fastar reglur um myndun boðháttar. Þá koma oft fyrir breytingar í stofni; brottfall eða samlögun, t.d. *hringja* > *hringdu*, *hætta* > *hættu*. Sagnir með sama stofni mynda þó oftast boðhátt eins, t.d. *henda* > *hentu*, *benda* > *bentu*, en til eru undantekningar, t.d. *senda* > *sendu*. Óreglulegan boðhátt mynda einnig m.a. sagnirnar *binda* > *bittu*, *ganga* > *gakktu*, *standa* > *stattu*, *vinda* > *vittu*.

Veikar sagnir eins og t.d. *kalla* mynda boðhátt með sama tannhljóðsviðskeyti og er notað við myndun þátíðar, t.d. (þt.) *kallaði* - (bh.) *kallaðu*.

Boðháttur er aðeins til formlega í annarri persónu eintölu og segja má að hann sé oftast notaður eins og lýst var hér að framan. Janes Oresnik ræðir þó um boðhátt í grein sinni *Um stýfðan boðhátt í íslensku* (1980) og gerir hann ráð fyrir fimm afbrigðum boðháttar eintölu annarrar persónu í íslensku nútímamáli (bls. 7):

1. Rót eða sagnstofn, t.d. *kom*, *kalla*, *þegi*.
2. Rót eða sagnstofn + fornafnið *þú*, t.d. *kom þú*, *kalla þú*, *þegi þú*.
3. Rót eða sagnstofn + fornafnið *ÞÚ* (með áherslu), t.d. *kom ÞÚ*, *kalla ÞÚ*, *þegi ÞÚ*.
4. Rót eða sagnstofn + fornafnið *þú* bætt við rót eða sagnstofn auk þess sem tannhljóðsviðskeytinu er breytt, t.d. *komdu*, *kallaðu*, *þegiðu*.
5. Rót eða sagnstofn með breyttu tannhljóðsviðskeyti + fornafnið *ÞÚ* (með áherslu), t.d. *komd ÞÚ*, *látt ÞÚ*, *takt ÞÚ*. Oresnik gefur ekki dæmi um

stýfðan boðhátt af sögnum eins og *kalla* þar sem hann segist (bls. 8) hafa ekki fundið neitt dæmi um stýfðan boðhátt af sögnum með sagnstofni sem enda á sérhljóði.

Sagnhluta fimmta afbrigðisins nefnir Oresnik (bls. 7) stýfðan boðhátt. Hann segir (bls. 8) að stýfður boðháttur sé ekki notaður í biblíumáli eða öðrum formlegum stíl og að það séu a.m.k. tvær leiðir fyrir íslenskumælanda að komast hjá stýfðum boðhætti: með því að nota fjórða afbrigðið hér að framan eða með því að umórða setninguna með sögninni *skulu*. Oresnik segir (bls. 8) að stýfður boðháttur komi fyrir þegar í elsta ritmáli og telur hann (bls. 8-9) að þessi tegund boðháttar hafi komið til einmitt með stýfingu af loka-*u*: *forðastu* > *forðast ÞÚ*.

Þó að boðháttur sé aðeins til formlega í annari persónu eintölu er hann einnig notaður í annari persónu fleirtölu en í framsöguhætti, t.d. *komiðið! setjistið!* Hugsanlega gæti hann líka verið til í fyrstu persónu fleirtölu, þó að engin formleg sagnmynd boðháttar sé til. Í staðinn væri hann þá notaður eins og í annari persónu eintölu, þ.e. í framsöguhætti: *förum í bíó! komum okkur heim!* Í fornu máli (sjá t.d. Ragnvald Iversen 1972:115) er einmitt gert ráð fyrir boðhætti í fyrstu persónu fleirtölu. Merking boðháttar í fyrstu og annari persónu fleirtölu finnst mér þó ekki alveg eins sterk og hún getur verið í annari persónu eintölu. Frekar er um að ræða eins konar hvatningu og á það sérstaklega við fyrstu persónu fleirtölu.

Þegar boðháttur er notaður með neitun finnst mér merkingin 'skipun' ekki alveg eins sterk og án neitunar:

(10) *gleymdu ekki að hringja í mig!*

(11) *aktu ekki svona hratt!*

Með neitun finnst mér frekar merkingin vera sú að einhver er beðinn um að gera ekki eitthvað. Hún getur einnig verið 'hvatning' og jafnvel 'ósk'. Það má heldur ekki gleyma að merking setningarinnar fer að sjálfsögðu ekki aðeins eftir því hvernig hún er sögð (t.d. í boðhætti eða framsöguhætti) heldur einnig eftir grunnmerkingu sagnarinnar.

Neitunin er oft sett á undan sögn í nafnhætti (og persóna er þá ekki tilgreind þar sem sögnin er ekki í persónuhætti):

(12) *ekki aka svona hratt!*

(13) *ekki sofna!*

(14) *ekki gleyma mér!*

(15) *ekki fara!*

Boðháttur er oft notaður í miðmynd (sem *st*-sögn) í viðtengingarhætti og er þá leiðbeining:

- (16) *meðalið drekkist*
(17) *mjólkinn geymist í kæli*

Hjálparsagnir (í framsöguhátti):

Boð, bönn og skipanir eru mjög oft táknuð með hjálparsögnum. Jón Friðjónsson skilgreinir (1989:4) hjálparsagnir í víðasta skilningi sem sagnir sem taka með sér nafnhátt eða lýsingarhátt þátíðar af öðrum sögnum. Jón segir (bls. 4) að hjálparsagnir myndi með aðalsögnum eina merkingarlega heild og gerir hann greinarmun (bls. 5) á s.k. óeiginlegum og eiginlegum hjálparsögnum. Eiginlegar séu þær hjálparsagnir (bls. 5) sem eru tiltölulega merkingarlitlar en myndi samsettar myndir og horf. Orðasambönd með óeiginlegum hjálparsögnum (bls. 5) feli hins vegar í sér bæði merkingu hjálparsagnar og aðalsagnar. Þær sagnir sem tákna skipun eða hafa boðháttarmerkingu einhvers konar eru samkvæmt skilgreiningu Jóns óeiginlegar; þær tákna afstöðu, viðhorf talandans til verknaðarins.

Skulu

Af hjálparsögnum í boðháttarmerkingu ber líklega sögnin *skulu* hæst. Sú sögn er aðeins notuð sem hjálparsögn (er s.k. núþáleg sögn). Hún er öðruvísi í nafnhætti en aðrar sagnir (nema *munu*) að því leyti að hún endar á *-u*; einnig endar hún á *-u* í 3.p.ft. þegar aðrar sagnir enda á *-a*. Sögnin getur þýtt bæði 'ráðlegging' og 'skipun' í annarri persónu eintölu:

- (18) *þú skalt ekki drepa!*
(19) *þú skalt ekki drekka bjór!*
(20) *þú skalt ekki gráta!*
(21) *þú skalt fara í skólann!*

Í dæmi (21) er merkingin 'skipun' en þar er ekki notuð neitun. Sambandið án neitunar þarf þó ekki að hafa þá merkingu (sjá Jón Friðjónsson 1989:129):

- (22) *þú skalt flyta þér - annars missir þú af strætó - ráðlegging*

Í fyrstu persónu eintölu felur sögnin í sér loforð:

- (23) *ég skal hjálpa þér*
(24) *ég skal gera það*

Ekki er unnt að setja þá sögn í upphaf spurningarsetningar eins og t.d. í sænsku:

- (25) **skal ég hjálpa þér? sbr. sæ. ska(ll) jag hjälpa dig?*

Á íslensku er í staðinn notuð sögnin *eiga*:

(26) *á ég að hjálpa þér?*

Sögnin *skulu* er í fyrstu persónu fleirtölu hvatning:

(27) *við skulum koma okkur!*

Mega

Sögnin *mega* er einnig núþáleg og er aðeins notuð sem óeiginleg hjálparsögn. Sögnin *mega* + *neitun* getur táknað algjört bann.

(28) *þú mátt ekki fara út í kvöld!*

Án neitunar hefur sögnin þó þveröfuga merkingu - loforð:

(29) *þú mátt fara út í kvöld*

Hún getur einnig táknað eins konar ráðleggingu/hvatningu með neitun:

(30) *við megum ekki vera að því að borða hamborgara (við erum alltof feit)*

(31) *hann má ekki borða perur (hann er með ofnæmi fyrir þeim)*

Verða

Sögnin *verða* tákna sterka nauðsyn sem hjálparsögn. Merkingarlega skyldar sagnir eins og *hljóta*, *þurfa*, *eiga* hafa ekki eins sterka merkingu:

(32) *þú verður að lesa fyrir prófið!* *þú þarft að lesa fyrir prófið*
þú átt að lesa fyrir prófið

(33) *ég verð að klára í þessari viku!* *ég þarf að klára í þessari viku*
ég á að klára í þessari viku

(34) *ég verð að fara núna!* *ég þarf að fara núna*
ég á að fara núna

Með neitun hefur sögnin *verða* allt aðra merkingu. Hún þýðir þá að eitthvað sé ekki hægt eða hefur framtíðarmerkingu :

(35) *ekki verður farið í bíó í kvöld* = ekki er hægt að fara í bíó + framtíð

Jón Friðjónsson bendir þó á dæmi (1989:135, nr. (59)) sem er tvírætt:

(36) *Þessu verður ekki breytt* = ekki er hægt að breyta því/það má ekki breyta því

Fá

Sem hjálparsögn getur sögnin *fá* einnig haft merkinguna 'bann' og þannig verið svipuð og *mega*:

(37) *þú færð að fara*, sbr. *þú mátt fara*

(38) *þú færð ekki að sofa fyrren í kvöld*, sbr. *þú mátt ekki sofa fyrren í kvöld*

Viðtengingarháttur:

Viðtengingarháttur er notaður í tveimur tilvikum í aðalsetningum (sbr. Jón Friðjónsson 1989:28): í nútíð til að láta í ljós skipun, hvatningu eða ósk (s.k. „óskháttur”) en í þátíð til að láta í ljós möguleika, óvissu eða í kurteisisskyni. Jón Friðjónsson gefur (bls. 29, nr. (33-38)) sex dæmi um viðtengingarhátt nútíðar:

(39) *gangi þér vel*

(40) *fari hann (til fjandans) og veri (hann bölvaður)*

(41) *komi þeir sem koma vilja, fari þeir sem fara vilja mér og mínum að meinalausu*

(42) *megi þér ganga allt í haginn*

(43) *hvíli hann/hún í friði*

(44) *drottinn blessi heimilið*

Öll þessi dæmi tákna augljóslega ósk en einnig felst eins konar skipun í þeim, sérstaklega í dæmunum (40) og (41). Ördugt er að finna ástæðuna fyrir því að skipun felist í sérstaklega þeim dæmum. Hugsanlega ráði merking sagnarinnar eða önnur orð í orðskipuninni ferðinni. Sagnirnar *koma*, *fara* og *vera* geta auðveldlega staðið í bohætti, t.d. *komdu! farðu! vertu góður!* Öðru máli gegnir þó um sögnina *blessa*. Að vísu væri hugsanlegt að skipa presti fyrir að blessa t.d. söfnuð; í þessu sambandi er þó um að ræða guð, drottinn, og aðeins erfiðara viðfangs geti verið að skipa honum fyrir! Sögnin *hvíla* í dæmi (43) getur staðið í bohætti, t.d. *hvíldu þig smá!* en atviksliðurinn *í friði* útilokar merkinguna af skipun. Það sama gildir um sögnina *ganga* í dæmi (39). Hún getur staðið í

boðhætti en hún merkir ekki 'skipun' þegar atviksorðið *vel* er notað. Í dæmi (42) er hjálparsögnin *mega* notuð og gerir hún það að verkum að ekki er um skipun að ræða. Merkingarnar 'ósk' og 'skipun' virðast sem sagt vera skyldar á einhvern hátt. Í þessum dæmum greina þó önnur orð í orðskipunum merkingunum að. Til gamans má geta að í sænsku er boðháttur notaður í orðskipun eins og dæmi (40): *far/dra át helvete!* en boðháttinn má nota einnig í íslensku: *farðu til helvitis!*

Sögn í framsöguhætti:

Einnig getur sögn í framsöguhætti táknað skipun en þá ræður merking sagnarinnar merkingu orðskipananna í heild:

- (45) *ég skipaði þér að fara!*
- (46) *ég bannaði þér að fara út í kvöld!*
- (47) *ég leyfi þér ekki að fara út!*
- (48) *ég krefst þess að þú komir!*
- (49) *ég bauð þér að fara*
- (50) *ég lét þig ekki fara!*

Munurinn á þessum sögnum og óeiginlegum hjálparsögnum er sá að sagnirnar í þessum dæmum fela í sér sjálfstæða merkingu, en um mismunandi merkingu hjálparsagna má þó deila.

Dæmi (49) er nokkuð sérstakt. Í öðrum samböndum þýðir sögnin alls ekki 'skipun' heldur næstum því hið gagnstæða (alla vega er merkingin jákvæð og vingjarnleg): *ég bauð þér sæti, ég bauð honum í mat.*

Jafnframt má nota aðeins sögnin *segja*:

- (51) *ég sagði þér að fara (ég sagði að þú ætti að/skyldi fara)!*

Í eftirfarandi dæmum ræður hins vegar áherslan mekingu orðskipananna:

- (52) *þú borðar þetta núna!*
- (53) *þú ferð ekki neitt!*

Sögn í fyrstu persónu fleirtölu var nefnd þegar rætt var um boðháttinn:

- (54) *förum í bíó!*

Stundum er hægt að umorða með lýsingarorðum en segja má að í eftirfarandi dæmum sé aðeins lýsingarorð í dæmi (55) (vegna þess hve algeng orðskipunin er?) en í hinum er frekar um þolmynd + lh.þt. að ræða:

- (55) *reykingar (eru) bannaðar*, sbr. þó: *hann bannaði reykingar*
(56) *reykingar eru ekki leyfðar*, sbr. *hann leyfði ekki reykingar*
(57) *hann var ekki látinn fara*, sbr. *ég lét hann ekki fara*

Heimildir:

Ásta Svavarsdóttir og Margrét Jónsdóttir. 1993. *Íslenska fyrir útlendinga*. Kennslubók í málfræði. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Iversen, Ragnvald. 1972. *Norrøn grammatikk*. 7. utgave revidert ved E.F. Halvorsen. Tano.

Jón Friðjónsson. 1989. *Samsettar myndir sagna*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Oresnik, Janes. 1980. Um stýfðan boðhátt í íslensku. *Skíma*. Mál gagn móðurmálskennara 3. árg., bls 7-9.